

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Páll Jónsson greiði hinum stefndu Árna Tómassyni og settum sýslumanni Eiriki Einarssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. hvorum. Svo greiði hann og sekt 15 kr. í lands-sjóð og 15 kr. í bæjarsjóð Reykjavíkur. Framangreind ummæli um héraðsdómarann eiga að vera dauð og ómerk.

Ídæmdar greiðslur lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 20. nóvember 1916.

Nr. 54/1916.

Jes Zimsen

f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.

i liquidation

gegn

Þórði Bjarnasyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Jes Zimsen kaupmaður fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í liquidation á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Þórði Bjarnasyni kaupmanni til greiðslu á

víxli, dags. 10. júní 1913, að upphæð 1000 kr., með 6% ársvöxtum frá gjalddaga víxilsins 31. desbr. s. á. og málskostnaði að skaðlausu. En með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 2. des. f. á. lyktaði málinu svo, að því var vísað frá dómi og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. sept. þ. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og málinu vísað heim til löglegrar dómsáleggingar um efni þess, og áfrýjanda dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á dómnum og hæfilegs málskostnaðar eftir mati yfirdómsins.

Frávísunarástæða stefnda, er undirdómarinn tók til greina er sú, að víxill sá, sem málið er risið af, sé eigi löglegur að formi, og að því bresti heimild til að höfða um hann víxilmál, og fara þannig fram hjá sáttanefnd, þar sem nafn útgefanda sé eigi ritað undir víxilinn, en í þess stað notaður nafnstimpill, og stimpilnafnið eitt sé eigi lögleg eða fullkomin tákun á nafni útgefanda.

Hinn umþrætti víxill, sem stefndi hefir samþykkt, er eins og hann heldur fram, eigi undirskrifaður af áfrýjanda, en nafn firmans: »Hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co.« er sett undir hann með stimpli, en ekkert nafn viðritað. Það verður nú að fallast á það að þetta form á undirskrift víxilsins fullnægi ekki fyrirmælum í 1. gr. víxillaganna 13. jan. 1882 og að hann þá samkvæmt 5. gr. laganna geti eigi veitt víxilrétt.

Það voru því eigi lög til að höfða mál þetta.

sem vixilmál, og var það rétt að málinu var vísað frá bæjarþinginu, og með því að fallist verður á málskostnaðarákvæði dómsins ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda, og ákveðst hann 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi Jes Zimsen fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í liquidation greiði stefnda Þórði Bjarnasyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagri lagaaðför.

Mánudaginn 27. nóvember 1916.

Nr. 35/1916.

Páll Jónsson

f. h. skiftaréttar Árnæssýslu

gegn

Oddi Gíslasyni

f. h. Páls Jónssonar frá Seljatungu.

D ó m u r :

Hinn 29. marz 1915 var fógataréttur Árnæssýslu settur að Seljatungu í Gaulverjabæjarhreppi til þess